

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

*Höfn, Útbær, deiliskipulagsbreyting.*

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 30. júlí 2024 breytingu á deiliskipulagi Hafnar, Útbæjar.

Helstu markmið breytingarinnar eru m.a. að fjórar lóðir eru sameinaðar í eina, Ránarslóð 3. Þar verða breytingar á byggingarreitum og hámarkshæð hækkar úr 2 hæðum í 3 hæðir. Tvær lóðir eru sameinaðar í eina, Óslandsveg 3. Hámarkshæð hækkar úr 1 hæð í 2 hæðir og nýtingarhlutfall fer úr 0,3 í 0,5.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og hlýtur þegar gildi.

*Sveitarfélaginu Hornafirði, 23. ágúst 2024.*

**Brynja Dögg Ingólfssdóttir**, umhverfis- og skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 6. september 2024